



Afstöðumynd.  
Mkv 1:500

**BRUNAVARNIR**

Eftirfarandi brunavarnarlýsing er gerð af Brunahönnun sif í maí 2019 fyrir Öldugötu 45, Hafnarfirði, verk nr. 19-116. Lausnir eru almennt skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

**Flokkun og notkun byggingar**  
Byggingin er einnar hæðar íbúðarbygging í notkunarflokki 5 skv. byggingarreglugerð. Íbúðir uppfylla kröfur um algilda hönnun og eru ætlaðar til búsetu fyrir fatlaða. Um er að ræða sjö íbúðir auk sameiginlegs rýms.

**Brunahöfufun**

**Meginbrunahólf:**  
Húsið er eitt meginbrunahólf en skiptist í nokkur brunahólf.  
**Hefðbundin brunahólf:**  
Hver íbúð er sér brunahólf með El90 veggjum milli íbúða en El60 veggjum fram á gang.  
Brunapétt verður með lögnum milli íbúða með a.m.k.

El90 frágangi og fram í gang með El60 frágangi. El90 veggir milli íbúða og El60 veggir í göngum ná upp í ystu þakklæðningu. Gangur skiptist í tvö brunahólf. Setustofa og eldun ásamt bað/pvottur er sér brunahólf. Tæknirými/ræsting er sér brunahólf. Skrifstofa er sér brunahólf.  
**Burðarvirki**  
Brunamótstaða aðalburðarvirka er a.m.k. R90. Brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k. R60.  
**Klæðningar**  
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501. Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 og gólfefni í flokki G. Utanhúsklæðningar eru ýmist í flokki 1 eða 2 sem er í samræmi við gr. 9.7.3 um einnar hæðar byggingar. Vindvörn skal vera í flokki B, s1-30. Utanhúsklæðning er í flokki 1 milli glugga/hurða í brunahöfufunarskilum milli íbúða. Þakklæðning er í flokki B (roof) (t2).  
**Flóttaleiðir**

Frá íbúðum eru tvær óháðar flóttaleiðir. Önnur er í gegnum gang og út um anddyri en hin beint út í svefnherbergjum er BO. Frá setustofu/eldúsi eru tvær óháðar flóttaleiðir. Brunaviðvörðunarkerfi Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi er í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð og yfirlitsmynd er í anddyri. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Loftræsikerfi Gert er ráð fyrir að hver íbúð verði loftræst sérstætt og því ekki þörf á ráðstöfunum vegna brunavarna í loftræsikerfi.  
**Reyklosun**  
Reykrausning er almennt um glugga og hurðar. Slökkvitæki Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett í sameiginlegri setustofu, ásamt því að vera í anddyri hverrar íbúðar, t.d. 6 L léttvatn og 5 kg kolsýra í inntaksrými fyrir rafmagn. Merkingar fyrir slökkvitæki

skulu vera í sameiginlegum rýmum.  
**Út- og neyðarlýsing**  
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Reikna skal með a.m.k. 1 lux í göngum en 0,5 lux í setustofu, inntaksrými, öllum salernum og sjúkrahöðkeri.

Landnúmer	: L223088
Staðgreinir	: 1400-1-98700450
Fasteignarnúmer	: F2354474
Stærð lóðar	: 1904m <sup>2</sup>
Nýtingarhlutfall	: 0,25
Brúttóflötur	: 477,0m <sup>2</sup>
Brúttó rúmmál	: 1760,1m <sup>3</sup>
Bílastæði	: 10
Bílastæði hreyfihlaða	: 2

**Búsetukjarni Öldugatu 45, 220 Hafnarfirði.**

**Umsókn:**  
Sótt er um að byggja búsetukjarna fyrir 6 íbúðir ásamt þjónustukjarna innahúss. Búsetukjarninn verður einna hæðar hús þar sem hver íbúð verður 46 fermetra að stærð.  
**Byggingarlýsing:**  
Sökkjar og gólfplata verða úr járnbenti steinsteypu, einangrað verður niður með sökkjum og undir plötu með 100mm einangrunarplasti. Útveggir verða reistir með 300mm þykkum Durisol múrsteinum sem hafa 100mm einangrun og innveggir verða reistir með 250 og 170mm Durisol múrsteinum. Útveggir verða klæddir, að hluta, með báru-álklæðningu í lit RAL 7016 og, að hluta, með standandi 25x150mm Lerki timbur skarklæðningu á loftræstri grind. Gluggar og hurðir í útveggjum eru í álkæddir timbrgluggar settir í og þéttir eftir uppsetningu veggja. Kólnunartala glerja skv. reglugerð. Öll gluggalaus rými hafa vélræna loftræstingu skv. reglugerð. Inntök rafmagns, hitaveitu og vatnsveitu frágengin skv. reglugerð. Niðurföll í votrymum eru frág. skv. reglugerð.

Þakið er skilgreint sem loftað kalt rými. Burðarkerfið í þakinu er annarsvegar með kraftsperrum að hluta eða þar sem spennividd er of mikil fyrir hefðbundna þakbita og hinsvegar með hefðbundnum þakbitum þar sem spennividd er minni. Bæði kraftsperrur og þakbitar eru steypir inn í úrtök í kubbamótum með sperrusteypu. Sá hluti timbursins sem lendir inn í sperrusteypu er tjargaður til að veita vörn gegn fúa. Þakið verður klætt með OSB3 plötum, tvö lög af ásoðnum þakdúk og báruáli í lit RAL 7016. Milli þakbita kemur 200mm steinullareinangrun sem er haldið uppi með 2mm þykkum vír, rakavarnarlag, 45x70mm raflagna/aftréttangur grind og tvö lög af gypsplötuklæðningu.

Húsið er hitað upp með hefðbundnu gólfhitakerfi. Frárennisslagir frá neyslu- og hreinlætisbúnaði eru leiddar beint í grunnlagakerfi hússins. Hitastig vatns á töppunarstað skal ekki vera hærra en 65°C. Í votrymum skal ganga frá veggjum sem snerta vætu með vatnsvarnarlagi. Í aflokuðum gluggalausum rýmum er vélræn loftræsing.

Húsið uppfylli kröfur byggingarreglugerðar um kólnunartölur:

U-gildi þaks er	< 0,2
U-gildi útvegga er	< 0,4
U-gildi glugga er	< 2,0
U-gildi hurða er	< 3,0
U-gildi botnplötu er	< 0,3
U-gildi vegi meðaltal	< 0,85

- LR : Loftræsting
- BO : Björgunarp
- ® : Reikskynjari
- NF : Gólfniðurfal
- ®SL : Slökkvitæki

® : Stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis.

Breyting 04.06.19 - A: Vélræn loftræsting bætt inn á byggingarlýsingu.

Helli verks:				
<b>Öldugata 45, Búsetukjarni.</b>				
Verkefni:				
<b>Öldugata 45, Búsetukjarni.</b>				
Helli teikningar:				
<b>Afstöðumynd</b>				
Dags: 06.05.2019	Hannað: SPJ	Yfirari: SPJ	Teiknað: SPJ	
<b>Sturla Þór Jónsson Arkitekt FAÍ</b>				
Stýrimannastigur 13, 101 Reykjavík, Sími 695-1752, sturla.jonsson@gmail.com, KT:280465-4459				
Bílastæði:	Málkvarði:	Verknúmer:	Númer teikningar:	Breiting:
A2	1:500	1102	1102-01-01	A
<i>Sturla Þór Jónsson</i>				

*Borela* 0412673643